



**Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40**  
*Blaðsíða: 1 / 11*

Dags: 02.09.2016

---

**1. LIÐUR: Auðkenni efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins**

---

**1.1 Auðkenni vöru**

Vöruheiti:

MONOSÍLAN 40

Lýsing á vöru:

Vatnsfæla fyrir steinsteypu.

Tegund vöru:

Vökvi

Aðrar leiðir til auðkenningar:

Ekki fyrirliggjandi.

**1.2 Viðeigandi tilgreind notkun efnisins eða blöndu og notkun sem ráðið er frá**

Notkunarsvið:

Yfirborðsmeðhöndlun

Skilgreind notkun

Fyrir fagmenn og í iðnaði

**1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins**

Framleiðandi /seljandi:

Slippfélagið

Aðsetur:

Dugguvogi 4

Póstnúmer og staður:

104 Reykjavík

Sími framleiðanda:

588 8000

Netfang:

oryggisblod@slippfelagid.is

**1.4 Neyðarsímanúmer**

Neyðarsími: Landspítali Háskólasjúkrahús

543 2222 eða 112

Eitrunarmiðstöð

---

**2. LIÐUR: Hættugreining**

---

**2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar**

Skilgreining á vöru: Blanda

Flokkun samkv. reglugerð (EB) Nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

Flam. Liq. 3, H226

Asp. Tox 1; H304

Skin. Irrit. 2, H315

Stot Re 2, H372

Aquatic Chronic, H411

EUH 066

Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.

Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

**2.2 Þættir hættumerkingar**

**Hættumerki:**



**Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40**  
**Blaðsíða: 2 / 11**

Dags: 02.09.2016



Hættuvísbinding:

Hætta

Hættusetningar:

Eldfirur vöki og gufa.  
Veldur húðertingu.  
Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.  
Skaðar miðtaugakerfi.  
Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetningar:

Geymist þar sem börn ná ekki til.  
Ef leita þarf læknis skal hafa íflát eða merkimiða tiltæk.  
EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITUNARMIÐSTÖÐ /lækni.  
Ekki framkalla uppköst. Notið hlífðarhanska.  
Andið ekki að ykkur gufu.  
Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Hættuleg innihaldsefni:

Terpentína.

Aðrir hlutar merkimiða:

Á ekki við.

### 2.3 Annars konar hætta

Aðrar hættur sem leiða  
ekki til flokkunar

Ekki fyrirliggjandi.

## 3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

HEITI	AUÐKENNI	%	FLOKKUN 1278/2008 [CLP]	Gerð
Terpentína	EB: 265-185-4 CAS: 64742-82-1 Index: 649-330-00-2	>50	Flam. Liq. 3, H226 Asp. Tox 1; H304 Aquatic Chronic, H411 STOT RE 1, H372 EUH066	[1] [2]
Ísóbútyltrí- etoxýsilan	EB: 402-810-3 CAS: 17980-47-1	30 - 50	Skin. Irrit. 2, H315	[1]

Það eru engin efni til viðbótar sem samkvæmt núverandi þekkingu birgis eru í þeim styrkleika að þau flokkist hættuleg heilsu eða umhverfi og þurfi þar með að greina frá hér.

Gerð



## Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40

Blaðsíða: 3 / 11

Dags: 02.09.2016

- [1] Efni sem flokkað er hættulegt heilsu eða umhverfi.  
[2] Efni sem hefur váhrifsmörk á vinnustað.  
[3] Efni stenst mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrif (PBT) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð EB nr 1907/2009.  
[4] Efni stenst mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð 1907/2006.
- Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við eru listuð upp í kafla 8.

---

### 4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp

---

#### 4.1 Lýsing á skyndihjálparúrræðum

- Almennt** : Ef einkenni eru viðvarandi eða vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hann í læsta hliðarlegu og leita læknis.
- Innöndun** : Færið í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslið veita öndunarhjálp eða gefa súrefni.
- Snerting við húð** : Fjarlægja skal mengaðan fatnað og skó. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynna.
- Snerting við augu** : Athugið og fjarlægið augnlinsur. Skolið umsvifalaust með rennandi vatni í a.m.k. 15 mínútur, haldið augnlokum opnum. Leitið umsvifalaust læknishjálpar.
- Inntaka** : Leitið læknisaðstoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.
- Varnir þeirra sem veita fyrstu hjálp** : Enga aðgerð skal framkvæma sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Það getur verið hættulegt fyrir þann aðila sem veitir skyndihjálp að beita munn við munn aðferðinni. Þvo skal föt sem hafa mengast af efninu vel með vatni áður en þau eru fjarlægð eða nota hanska.

#### 4.2 Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði í bráð og síðbúin

##### Möguleg bráðahætta á heilsu

- Snerting við augu** : Engin þekkt veruleg áhrif eða bráðahætta
- Innöndun** : Getur valdið sljóleika og svima.
- Snerting við húð** : Veldur fituskerðingu á húð. Getur valdið húðþurrki og ertingu í húð.
- Inntaka** : Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.

##### Merki / einkenni váhrifa

- Snerting við augu** : Engar sérstakar upplýsingar.
- Innöndun** : Alvarleg einkenni geta verið; uppköst, höfuðverkur, sljóleiki, svimi.
- Snerting við húð** : Hugsanlegar aukaverkanir eru m.a. : Ertandi áhrif, þurrkur, sprungumyndun.
- Inntaka** : Hugsanlegar aukaverkanir eru m.a. : Ógleði eða uppköst.



## Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40

Blaðsíða: 4 / 11

Dags: 02.09.2016

### 3 Ábendingar um tafarlausa læknishjálp og sérstaka meðferð sem þörf er á

- Athugasemdir : Meðhöndlið í samræmi við einkenni. Hafið samband við sérfræðing í eiturefnum umsvifalaust ef mikið magn hefur verið tekið inn eða andað að sér.
- Sérstök meðhöndlun : Engin sérstök meðferð.

### 5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkviefni

- Viðeigandi slökkviefni : Alkóhólþolin froða, koldíoxíð, duft eða vatnsúði.
- Óhentug slökkviefni : Sprautun með vatni.

#### 5.2 Sérstök hætta sem stafar af efni eða efnablöndu

- Hætta sem stafar af efninu eða blöndunni : Eldfimur vökti. Við eld eða hitun mun þrýstingur aukast og umbúðir geta opnast með hættu á sprengingu. Rennsli í niðurföll geta valdið eld- og spengihættu.
- Hættuleg niðurbrotsefni : Niðurbrotsefni geta innihaldið: Kolmónoxíð, koldíoxíð.

#### 5.3 Ráðleggingar fyrir slökkvilið

- Sérstakar varnar- aðgerðir fyrir slökkviliðsmenn : Brjótist eldur út skal strax einangra svæðið og fjarlægja alla sem eru í nánd við svæðið. Ekki skal gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Fjarlægið flát frá svæðinu ef það er mögulegt án þess að skapa hættu. Lukuð flát sem lenda í eldi skal kæla með vatni. Efnið er skaðlegt vatnálífverum. Gætið þess að rennsli frá slökkvistað komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi.
- Sérstakur hlífðarbúnaður fyrir slökkviliðsmenn : Slökkviliðsmenn skulu bera viðeigandi hlífðarbúnað og lofttengdan öndunarbúnað (SCBA) með lokaða andlitsgrímu sem stillt er á jákvæðan þrýsting. Klæðnaður slökkviliðsmanna ( þar með talið hjálmar, hlífðarsígvél og hanskar) skulu vera í samræmi við Evrópustaðal EN 469 og verður undirstöðubúnaður til að sinna efnaslysum.

### 6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

#### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

- Ætlað starfsfólk sem vinnur ekki við neyðar- þjónustu : Ekki gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Metið umlykjandi svæði. Haldið óvörðu og óþörfu fólk frá. Snertið ekki eða gangið um efni sem hellst hefur niður. Lokið af neistagjafa og annað sem kann að valda íkveikju. Forðist innöndun gufu. Tryggið góða loftræstingu.
- Fyrir bráðaliða : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita upplýsinga í lið 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í lið 8 um frekari upplýsingar um varnaðaraðgerðir.



## Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40

Blaðsíða: 5 / 11

Dags: 02.09.2016

### 6.2 Varúðar-ráðstafanir vegna umhverfis

- : Gætið þess að spilliefnin komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi. Ef efnið kemst í niðurföll eða vatnsfarvegi skal hafa samband við viðeigandi yfirvöld. Vatnsmengandi efni. Getur verið hættulegt umhverfinu ef það sleppur út í miklu magni.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

- : Stöðvið leka án áhættu. Flytjið íslát burt frá mengunarsvæði. Nálgist útlosunina með vindinn í bakið. Komið í veg fyrir að efnið berist í fráveitur, vatnsrásir, kjallara og lokuð rými. Þvottavatn skal koma til aðila sem meðhöndlar útrennsli eða gera eftifarandi: Hindrið útbreiðslu og hreinsið upp með óbrennandi ísogsefni t.d. sandi, jarðvegi, vermiculítí eða kíssilkúr sem síðan er fargað í samkvæmt gildandi reglugerðum. Notið neistafrí og sprengifrí tæki. Mengað ísogsefni getur haft í för með sér sömu hættu og efnið sem helltist niður.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði

- : Sjá lið 1 til að fá upplýsingar um neyðarhjálp.  
Sjá lið 8 til að sjá upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.  
Sjá lið 13 til að fá frekari upplýsingar um meðferð úrgangs.

## 7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráð-stafanir um örugga meðhöndlun

- : Koma skal í veg fyrir myndun gufu í lofti í þeim styrkleika sem getur verið eldfimur eða sprengifimur og forðast skal að styrkur gufu fari yfir leyfileg mengunarmörk. Að auki ætti aðeins að nota vöruna á svæðum þar sem óvarin ljós og aðrir neistagjafar hafa verið fjarlægð. Rafbúnaður skal varinn samkvæmt gildandi stöðlum. Blandan hleður sig mögulega stöðurafmagni. Notið ávallt jarðtengingar þegar flutt er úr einu íláti í annað. Starfsmenn ættu að nota afrafmagnandi fatnað og skó og gólf ættu að vera með þekju úr leiðandi efni. Haldið frá hita, neistum og eldi. Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Forðist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun ryks, agna eða gufu sem myndast við notkun þessarar blöndu. Forðist innöndun ryks frá þússun. Að borða, drekka og reykja skal bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið. Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá lið 8). Beitið aldrei þrýstingi við tæmingu. Ílátið er ekki þrýstihylki. Geymið alltaf í íláti úr sama efni og upprunalega ílátið. Farið að lögum um öryggi og heilsufar á vinnustað.

#### Upplýsingar um bruna og sprengivarnir.

Gufur efnisins eru þyngri en loft og breiðast því út með gólf. Gufur geta myndað sprengifima blöndu með andrúmslofti.

### 7.2 Örugg geym-sluskilyrði, þ.m.t. mögulega ósamrýmanleika

- : Geymist í samræmi við lög og reglugerðir.  
**Athugasemdir varðandi samtímis geymslu.**  
Haldið frá: Oxandi efnun, sterkum lút, sterkum sýrum.  
**Frekari upplýsingar um geymsluaðstæður.**  
Farið eftir varúðarleiðbeiningum á umbúðamiða. Geymið á þurru, svölu og vel loftræstu svæði. Geymið fjarri íkveikjuvöldum. Reykingar bannaðar. Komið í veg fyrir óheimilaðan aðgang. Ílát sem hafa verið opnuð verður að loka vandlega og halda uppréttum til að koma í veg fyrir leka.



**Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40**  
**Blaðsíða: 6 / 11**

Dags: 02.09.2016

**7.3 Sérstök notkun**

**Ráðleggingar** : Ekki fyrirliggjandi.

**Sérstakar ráðleggingar í iðnaði** : Ekki fyrirliggjandi.

---

**8. LIÐUR: Takmörkun váhrifa / persónuhlífar**

---

**8.1 Viðmiðunarbreytur**

**Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi**

Hættumörk samkv. Reglugerð nr. 390/2009

Heiti	Meðalgildi (8 klst.)		Pakgildi	
	ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>
Terpentína	25	145	-	-

**Ráðlagðar verk-lagsreglur um vöktun** : Ef þessi vara inniheldur efni með viðmiðunarmörk fyrir váhrif getur verið nauðsynlegt að kanna með eftirliti á vinnustað og hvort fullnægjandi loftræstibúnaður eða annars konar ráðstafanir séu til staðar og / eða hvort nauðsyn beri til að nota öndunargrímur. Vísa skal til Evrópustaðals EN 689 – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnasamböndum og gildandi leiðbeiningar um aðferðir til að greina hættuleg efni.

**Afleidd áhrifaleysismörk**

Engin DNEL-gildi til staðar.

**Forskráður hrifstyrkur**

Engin PNEC-gildi til staðar.

**8.2 Váhrifavarnir**

**Viðeigandi stjórntækni** : Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið staðbundna loftræstingu og almenna loftræstingu til að halda magni af gufu og ryki í lofti vel undir viðeigandi markgildum. Notið einvörðungu sprengiheldan loftræstibúnað.

**Persónulegar varnarráðstafanir**

**Hreinlætis-ráðstafanir** : Þvoið hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnvara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar, áður en farið er á snyrtingu og í lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið föt sem mengast hafa af efninu fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnskolunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hverrar starfstöðvar.

**Augn- og andlits-hlífar** : Nota skal augnhlífar samkvæmt vottuðum staðli þegar hættumat bendir til að slíkt sé nauðsynlegt til að forðast að verða fyrir skvettum, loftúða eða ryki.

**Húðvörn**

**Handavörn** : Fyrir langvarandi eða endurtekna meðhöndlun skal nota eftirfarandi hanska:



## Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40

Blaðsíða: 7 / 11

Dags: 02.09.2016

Nítríl gúmmí. Hlífðarkrem (barrier creams) geta hjálpað við að vernda þann hluta húðarinnar sem kann að verða fyrir mengun en þau skal þó ekki nota ef efnið hefur þegar borist á húð.

Til að velja hanska af réttri gerð með hliðsjón til efnafols og gegndræpitíma er rétta að leita ráðgjafar hjá söluaðilum á efnafolnum hönskum.

Tryggja skal að endanlegt val á hönskum til að meðhöndlala þessa vöru miðist við notkunaraðstæður og hættumat notanda.

- |                                   |   |  |
|-----------------------------------|---|--|
| Líkamsvörn                        | : | Hlífðarbúnað fyrir líkamann ætti að velja í samræmi við verkið framundan og hættuna sem fylgir meðhöndlun efnisins. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.   |
| Aðrar hlífar fyrir húð            | : | Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.  |
| Vörn fyrir öndunarfæri            | : | Ef notendur verða fyrir hærri styrk efna en viðmiðunarmörk skal nota viðeigandi öndunarbúnað. Notið öndunargrímu með kola- og ryksíu þegar efninu er sprautað (samþuggð sía A2-P2). Nota skal ferskloftsbúnað í þróngum rýmum. Við penslun eða rúllun skal meta hvort nota beri grímu með kolasíu. |
| Takmörkun váhrifa fyrir umhverfið | : | Útlosun frá loftræstingu eða verkferlum ætti að yfirfara til að tryggja að hún sé í samræmi við lög um umhverfisvernd. Í sumum tilvikum þarf að koma reykþvottur, síur eða endurbætur á framleiðslubúnaði til að minnka útblástur í þolanlegt horf.  |

---

### 9. LIÐUR: Eðlis- og efnafraðilegir eiginleikar

---

#### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafraðilega grundvallareiginleika

Form (fasi)	:	Vökvi
Litur	:	Glær
Lykt	:	Einkennandi
Lyktarþróskuldur	:	Ekki fyrirliggjandi.
pH	:	Á ekki við
Bræðslu- /frostmark	:	Ekki fyrirliggjandi
Upphafssuðumark og suðumarksbil	:	150 – 200 °C
Blossamark	:	Lokaður bikar: > 40°C
Uppgufunarhraði	:	Ekki fyrirliggjandi.
Eldfimi( fast efni, lofttegund)	:	Á ekki við.
Brunatími	:	Á ekki við.
Brunahraði	:	Á ekki við.
Efri / neðri bruna- og sprengimörk	:	0,67 - 7,6 R% .
Gufuprýstingur	:	370 pa
Eðlismassi gufu	:	Ekki fyrirliggjandi.



## Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40

Blaðsíða: 8 / 11

Dags: 02.09.2016

Eðlismassi	:	0,84 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki	:	Óleysanlegt í eftirfarandi efnum: heitu og köldu vatni.
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	:	3,7 – 6,7.
Sjálfssíkveikjuhitastig	:	235°C.
Sundrunarhitastig	:	Ekki fyrirliggjandi.
Seigja	:	Ekki fyrirliggjandi.
Sprengifimi	:	Ekki fyrirliggjandi.
Oxunareiginleikar	:	Ekki fyrirliggjandi.

### 9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

---

## 10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

---

<b>10.1 Hvarfgirni</b>	:	Engar upplýsingar úr rannsóknum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.
<b>10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki</b>	:	Varan er stöðug.
<b>10.3 Möguleiki á hættulegum efnahvörfum</b>	:	Við venjuleg geymsluskilyrði og notkun eiga hættuleg efnahvörf ekki að eiga sér stað.
<b>10.4 Aðstæður sem ber að forðast</b>	:	Forðist alla íkveikjuvalda (neista eða loga). Ekki beita ílátíð þrýstingi, skera, logsjóða, bora, kremja eða láta komast í snertingu við íkveikjuvalda.
<b>10.5 Ósamrýmanleg efni</b>	:	Hvarfgjart eða ósamrýmanlegt við eftirfarandi efni: Oxunarefni.
<b>10.6 Hættuleg niðurbrotsefni</b>	:	Við venjuleg geymslu- og notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

---

## 11. LIÐUR: Eiturfraðilegar upplýsingar

---

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um vöruna sjálfa. Blandan hefur verið metin eftir hefðbundinni aðferð tilskipunar um hættuleg efni 1999/45/EB og flokkuð fyrir eiturefnafræðilega eiginleika til samræmis við það. Sjá nánar í liðum 2 og 15.

Váhrif af leysiefnagufum í meiri styrk en uppgefin gildandi viðmiðunarmörk geta haft skaðleg heilsufarsleg áhrif svo sem ertingu á slímhimnu og öndunarfæri og skaðleg áhrif á nýru, lifur og miðtaugakerfi. Leysiefni geta valdið sumum af ofangreindum áhrifum með upptöku gegnum húð. Til einkenna og merkja teljast höfuðverkur, svimi, þreyta, aumir vöðvar, slappleiki og í mjög alvarlegum tilvikum meðvitundarleysi. Endurtekin eða langvarandi snerting við blönduna getur valdið eyðingu náttúrulegrar fitu húðar sem leiðir til exemis án ofnæmis og upptöku gegnum húð. Ef blandan slettist í augu getur það valdið afturkræfum skaða. Inntaka getur valdið ógleði, niðurgangi, uppköstum, ertingu í meltingarfærum og lungnabólgu af völdum efna.



**Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40**  
**Blaðsíða: 9/11**

Dags: 02.09.2016

**Bráð eiturhrif**

Vara/ heiti efnispáttá	Niðurstaða	Tegundir	Skammtur	Váhrif
Terpentína	LD50 (inntaka) LD50(húð) LC50 (innöndun)	Rotta Rotta Rotta	>5000 mg/kg ~ 3400 mg/kg 1,58 – 13,1 mg/L	- 24 klst 4 klst
Ísóbútyltríetoxýsílan	LD50 (inntaka) LC50 (innöndun) LD50 (húð)	Rotta Rotta Rotta	>5000 mg/kg 5,88 mg/l >2000 mg/kg	4 klst

**12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar**

**12.1 Eiturhrif**

Vara/ heiti efnispáttá	Niðurstaða	Tegundir	Váhrif
Terpentína	Bráð EL50 4,6 - 100 mg/L Bráð EL50 100 - 200 mg/L Bráð LL50 10 – 100 mg/L	Þörungar Halaflær Fiskur	24 klst 48 klst 72 klst
Ísóbútyltríetoxýsílan	Bráð LC50 85 mg/L Bráð EC50 49,1 mg/L	Fiskur Halaflær	96 klst 48 klst

**Niðurstaða / samantekt:** Þessi vara er líkleg til að safnast upp í lífríkinu. Þetta efi er skaðlegt vatnalífverum og hefur langvarandi áhrif.

**12.2 Právirkni og niðurbjótanleiki**

**Niðurstaða / Samantekt :** Ekki fyrirliggjandi.

Vara/ heiti efnispáttá	Helmingunartími í vatni	Ljósrof	Lífrænt niðurbrot
Terpentína	-	-	Auðvelt
Ísóbútyltríetoxýsílan	-	-	Auðvelt

**12.3 Uppsöfnun í lífverum**

Vara/ heiti efnispáttá	LogP <sub>ow</sub>	BCF	Möguleiki

**12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi**

Ásogsstuðull fyrir jarðveg /vatn (K<sub>oc</sub>) : Ekki fyrirliggjandi.

Hreyfanleiki : Ekki fyrirliggjandi.

**12.5 Niðurstöður PBT og vPvB mats**

PBT : Ekki fyrirliggjandi.

vPvB : Ekki fyrirliggjandi.



**Ö R Y G G I S B L A D      MONOSÍLAN 40**  
**Blaðsíða: 10 / 11**

Dags: 02.09.2016

**12.6 Önnur skaðleg áhrif:** Engin þekkt veruleg áhrif eða mikilvæg hætta.

---

**13. LIÐUR: Förgun**

---

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

**13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Hindrið að efnið komist í niðurföll eða vatnsfarvegi. Vöruleifar og umbúðir eru flokkaðar sem hættulegur úrgangur.

**Úrgangsskrá Evrópu (EWC)** : Úrgangsmálning sem inniheldur lífræn leysiefni eða önnur hættuleg efni. Ef þessari vöru er blandað saman við annan úrgang getur verið að þessi kóði gildi ekki lengur. Ef blöndun á sér stað við annan úrgang skal tiltaka viðeigandi kóða. Frekari upplýsingar fást hjá eftirlitsaðlila á hverjum stað.

---

**14. LIÐUR : Upplýsingar um flutninga**

---

Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda: Varan skal ávallt flutt í lokaðum umbúðum sem standa uppréttar. Tryggja skal að þeir sem flytja vöruna viti hvernig bregðast skal við ef slys eða leki á sér stað.

Flutningar í samræmi við landslög og ADR flutninga á vegum , RID fyrir flutninga í lestum, IMDG fyrir flutninga á sjó og IATA fyrir flutninga í lofti.

**Alþjóðlegar reglugerðir um flutninga.**

**14.1 UN –númer** : 1263

**14.2 UN Sendingarheiti** : Combustible Liquid (Vatnsfæla).

**14.3 UN Hættuflokkar við flutninga** : 3



**14.4 Pökkunarflokkur** : III

**14.5 Umhverfishætta** : Já

**14.6 Sérstakar varúðar- ráðstafanir fyrir notandann** : Ekki fyrirliggjandi.

**Viðbótarupplýsingar ADR/RID** : Jarðgangakóði: (D/E)  
Auðkennisnúmer hættuþáttta: 30

**IMDG** : Emergency schedules (EmS) F-E, S-E

**14.7 Flutningar á lausum efnum samkv. Viðauka II við MARPOL 73/78 og IBC kóða** : Ekki fyrirliggjandi.

---

**15. LIÐUR : Upplýsingar varðandi regluverk**

---



**Ö R Y G G I S B L A Ð      MONOSÍLAN 40**  
**Blaðsíða: 11 / 11**

Dags: 02.09.2016

**15.1 Reglugerðir/löggjöf um öryggi, heilsu og umhverfi sem varða efnið eða efnablönduna sérstaklega ESB- reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)**

**Viðauki XIV – List yfir efni sem eru háð leyfisveitingu**

**Efni sem þarfust sérstakrar aðgæslu**

Engin efnisþáttu eru á skrá.

**Viðauki XVII – Takmarkanir á :** Á ekki við.

**framleiðslu, markaðssetningu**

**og notkun ákveðinna hættu-**

**legra efna og efnablandna**

**15.2 Efnaöryggismat** : Ekki fyrirliggjandi.

---

## 16. LIÐUR : Aðrar upplýsingar

---

**Skammstafanir og styttingar**

: ATE = Bráð eituráhrif, áætluð.  
CPL = Reglugerð um flokkun, merkingu og pókkun [ Reglugerð (EB) nr. 1272/2008].  
DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk.  
EUH fullyrðing = CLP sérstök hættufullyrðing.  
PNEC = Áætlaður efnastyrkur sem engin áhrif hefur.  
RRN = REACH skráningarnúmer.

**Heildartexti styttra H setninga:**

- H226 Eldfimur vökvi og gufa.
- H315 Veldur húðertingu.
- H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
- H372 Skaðar miðtaugakerfið.
- H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
- EUH 066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

**Heildartexti flokkunar [CLP/GHS]**

- |                         |   |
|-------------------------|---|
| Flam. Liq. 3, H226      | ELDFIMIR VÖKVAR - Flokkur 3               |
| Skin Irrit. 2, H315     | HÚÐÆTING/ERTING – 2. undirflokkur         |
| Asp. Tox. 1, H304       | HÆTTULEGT ÖNDUN – Flokkur 1               |
| STOT RE 1, H372         | STERK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI - Flokkur 1 |
| Aquatic Chronic 2, H411 | HÆTTULEGT FYRIR VATNSUMHVERFI – Flokkur 2 |

**Dagsetning útgáfu/** : 02.09.2016  
**endurskoðunar**

Þetta öryggisblað er unnið í samræmi við reglugerð EB nr. 1907/2006

Vöruna skal ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í 1. hluta, án undangengins samráðs við framleiðanda og að fenginni skriflegri verklýsingu.

Par sem aðstæður við notkun vörunnar eru utan umráða framleiðanda er notandi ábyrgur fyrir því að kröfum viðeigandi reglugerða sé fulllnægt.

Upplýsingar í þessu öryggisblaði byggja á þeirri þekkingu sem til staðar er við útgáfu þess og þeim reglugerðum sem í gildi eru á útgáfudegi öryggisblaðsins. Öryggisblaðið veitir leiðbeiningar um þá þætti sem lúta að heilsufari, öryggi og umhverfi í tengslum við vöruna og ber að skoða í ljósi þess en ekki sem tryggingu fyrir gæðum vörunnar eða notagildi hennar við tilteknar aðstæður.